

# Fjármál & rekstur 2004

SELTJARNARNESBÆR

SELTJARNARNESBÆR  
2004



## Rekstrarreikningur

Tölur í þúsundum kr.	Bæjarsjóður	Samstæða A-B
<b>Tekjur:</b>		
Skatttekjur	1.305.330 kr.	1.298.606 kr.
Þar af framlög jöfnunarsjóðs	56.000 kr.	56.000 kr.
Aðrar tekjur	260.328 kr.	396.872 kr.
	<b>1.565.658 kr.</b>	<b>1.695.478 kr.</b>
<b>Gjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld	860.742 kr.	873.783 kr.
Annar rekstrarkostnaður	540.445 kr.	625.990 kr.
	<b>1.401.187 kr.</b>	<b>1.499.773 kr.</b>
<b>Afkoma fyrir afskriftir</b>	<b>164.471 kr.</b>	<b>195.705 kr.</b>
Afskriftir	(45.044 kr.)	(86.081 kr.)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjárm.gjöld</b>	<b>119.427 kr.</b>	<b>109.624 kr.</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	34.461 kr.	(12.084 kr.)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>153.888 kr.</b>	<b>97.540 kr.</b>

### Kæri Seltirningur

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2004 var samþykkt í bæjarstjórn í nóvember síðast liðnum. Við gerð hennar var að þessu sinni unnið eftir nýju vinnuferli sem reyndist vel og tryggir aukna skilvirkni og áreiðanleika áætlunarinnar. Í þessum bæklingi er í stuttu máli gerð grein fyrir tekjum bæjarsjóðs og ráðstöfun þeirra til helstu málaflokka, framkvæmda og fjárfestinga. Er riti þessu ætlað að veita Seltirningum gleggri sýn á rekstur bæjarins á þessu ári.



Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að heildartekjur bæjarsjóðs og stofnana hans verði um 1.695 mkr. en rekstrargjöld án fjárfestinga 1.499 mkr. Afgangur af rekstri A-hluta bæjarsjóðs er því áætlaður um 154 milljónir og nemur rekstrarhlutfall aðalsjóðs og stofnana því um 88,23% af skatttekjum sem undirstrikar sterka stöðu Seltjarnarnes á meðal annarra sveitarfélaga. Rekstrarafgangur hækkar verulega eða um 12% á milli ára. Veltufé af rekstri nemur tæpum 200 mkr. Afkoman batnar því um tæpar 50 mkr. milli ára og endurspeglar fjárhagslega burði bæjarsjóðs til að standa skil á langtímaskuldum og ráðast í ný verkefni. Þannig verður rúmlega 115 mkr. varið til nýframkvæmda á árinu 2004 sem einnig er 12% aukning frá fyrra ári. Eru þá ótaldar fjárveitingar til viðhalds á mannvirkjum bæjarins, s.s. húsnæði stofnana, götum og opnum svæðum sem nema um 75 mkr.

Á Seltjarnarnesi hefur það löngum verið keppikefli bæjarstjórnar að veita samkeppnishæfa þjónustu án þess að íþyngja íbúum um of með álögum eða skuldafélagi, sem nú slígar æ fleiri sveitarfélög á Íslandi og grefur undan sjálfstæði þeirra. Álagningarprósenta útsvars hækkar því ekki á milli ára og verður áfram 12,46% eða hin lægsta á höfuðborgarsvæðinu og meðal stærri sveitarfélaga. Álagningarprósenta fasteignagjalda helst einnig óbreytt eða 0,36% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Þjónustugjöld hækka almennt um 4% til að mæta þróun verðlags. Holræsagjald er ekki lagt á og mun Seltjarnarnes eitt sveitarfélaga um að hlífa íbúum þannig við verulegum útgjöldum vegna fráveitumála. Elli- og örorkulífeyrisþegar munu að sjálfsögðu áfram njóta afsláttar af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Samkvæmt áætlun sýnir sýningin er gert ráð fyrir að afborganir langtímalána bæjarins og fyrirtækja hans nemi ríflega 153 mkr. á árinu 2004 og er áætlað að nettóskuld samstæðunnar (án lífeyrisskuldbindinga) verði í árslok 2004 um 216 mkr. eða u.p.b. 47 þús. kr. á íbúa. Engin ný langtímalán eru fyrirhuguð á árinu. Peningaleg staða Seltjarnarnesbæjar er með því besta sem gerist á meðal sveitarfélaga og skuldir á hvern íbúa þær lægstu á meðal stærri sveitarfélaga, hvort sem lítið er til A-hluta bæjarsjóðs eða samstæðu.

Virk þátttaka íbúanna er hverju bæjarfélagi mikill styrkur og er það von mín að þetta rit gefi Seltirningum yfirsýn yfir áherslur og framkvæmdir bæjarins á þessu ári.

Bestu kveðjur,



## Forsendur tekjuáætlunar:

- Álagningarprósenta útsvars verði 12,46%
- Álagningarprósenta fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði verði 0,36% af fasteignamati.
- Álagningarprósenta fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði og óbyggðu landi verði 1,12% af fasteignamati.
- Álagningarprósenta vatnsskatts verði 0,15% af fasteignamati.
- Lóðaleiga verði 0,75-1,5% af lóðarmati.
- Urðunargjald sorps verði 5.000 kr. á hverja íbúð, sorphreinsigjald verði 1.000 kr. á hverja íbúð.
- Ekki verði lagt á holræsagjald fremur en áður.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar fái afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og verið hefur.
- Gjaldskrár sveitarfélagsins hækki í flestum tilvikum um 4% frá 1. janúar 2004 til að mæta verðlagsbreytingum árána 2003 og 2004.
- Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 4% frá 2003.
- Gert er ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum hækki um 5% frá 2003 vegna leiðréttinga FMR á fasteignamati
- Ekki er gert ráð fyrir að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki.

## Rekstur helstu málaflokka:

Til fræðslumála er áætlað að verja um 682 mkr. Til málaflokksins fer því rúmlega önnur hver króna sem rennur í bæjarsjóð. Hlutfallið endurspeglar metnað bæjaryfirvalda í skólumálum og hátt þjónustustig. Dregið er úr rekstrarkostnaði skólaskrifstofu vegna flutnings skrifstofunnar á bæjarskrifstofu og fækkunar starfsmanna. Ætlaðar eru 2 mkr. vegna sérstakra, tímabundinna verkefna fræðsluviðs s.s. vegna vinnu við sameiningu yfirstjórnar grunnskólanna. Til leikskóla verður ráðstafað um 4 mkr. vegna endurnýjunar lóða, húsnæðis og hliða umhverfis leiksvæði.

Til íþrótt- og æskulýðsmála er gert ráð fyrir að verja um 180 mkr. Samkvæmt Árbók sveitarfélaga 2003 er Seltjarnarnesbær í fararbroddi varðandi þjónustu í þessum málaflokki.

Til sameiginlegs kostnaðar sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að verja um 133 mkr. Til rekstrar bæjarskrifstofu fara um 77 mkr. Áfram verður unnið að aukinni hagkvæmni í rekstri og innkaupum.

Til félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar er ráðgert að verja rúmlega 82 mkr. Gert er ráð fyrir 13% aukningu á þjónustu í heimilishjálpi vegna samþykktar bæjarstjórnar á tillögum starfshóps um málefni eldri borgara. Á árinu er gert ráð fyrir að unnið verði að því að koma á dagvist fyrir aldraða í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið. Sérstök hækkun er á styrkjum sem félagsmálaráð úthlutar og fleiri liðum.

Áætlað er að til skipulags- og byggingarmála fari rúmlega 39 mkr. Kostnaður vex milli ára og felst aukningin fyrst og fremst í áætluðum kostnaði við gerð aðal- og deiliskipulags.

Til gatna, holræsa og umferðarmála er áætlað að verja tæplega 40 mkr. Til viðhalds gatna er gert ráð fyrir að verja 15 mkr. og til viðhalds gangstétta er áætlað að verja 7 mkr. Ráðgert er að kantleggja Suðurströnd á þessu ári og verður það með stærri gatnaverkefnum ársins.

Áætlað er að verja rúmlega 18 mkr. til sorphreinsunar og hreinlætismála. Rekstrarframlag til gámasstöðva hækkar og er áætlað að bærinn greiði 9,3 mkr. til þessa.

Til almenningsgarða og opinna svæða er áætlað að verja rúmlega 31 mkr. Lögð hefur verið aukin áhersla á fegrin bæjarins og verður haldið áfram á sömu braut á árinu.

Til bruna- og almannavarna er gert ráð fyrir að verja rúmlega 25 mkr., þar af 18,3 mkr. til þátttöku í rekstri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og 5 mkr. til sjóvarna.

## Framkvæmdir og fjárfestingar:

Á árinu 2004 verður rúmlega 115 mkr. varið til nýframkvæmda sem er 12% aukning frá fyrra ári en árið 2003 var þó eitt mesta framkvæmdarár síðari ára á Seltjarnarnesi.


Helstu framkvæmdir ársins tengjast fræðslumálum, æskulýðs- og íþróttamálum og menningarmálum. Um 23 mkr. verður varið í nýframkvæmdir og fjárfestingu við Mýrarhúsaskóla en vorið 2003 hófst gagnger endurnýjun á skólahúsnæðinu. Einnig verður hafist handa við gerð mótuneytis við skólann. Um 23 mkr. verður varið til eflingar Tónlistarskóla Seltjarnarness með stækkun og endurbótum á húsnæði. Þá er áætlað að ljúka framkvæmdum við nýtt anddyri og endurnýjun á eldri stofum í Valhúsaskóla og áfram verði unnið að undirbúningi að byggingu nýs leikskóla.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á bókasafni bæjarins sem opnaði í nýju og glæsilegu húsnæði í byrjun sumars 2003. Lokið verður við að endurnýja bókasafnsbúnað safnsins og er áætlað að til þess verkefnis fari 4,4 mkr. Allur búnaður safnsins hefur þá verið endurnýjaður.


Á árinu er áætlað að verja um 37 mkr. í framkvæmdir vegna nýs gervigrasvallar við Hrólfskálamel.

Einnig hefst í sumar framkvæmdir við lóð umhverfis Nesstofu er byggja á nýlegum samningi Seltjarnarnesbæjar við Þjóðminjasafn Íslands um rekstur þessa sögufræga húss sem nú er komið í vörslu Seltirninga.

## Helstu tekjuliðir



## Rekstur helstu málaflokka



## Helstu framkvæmdir og fjárfestingar

